

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Einarsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 51/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Eyjólfi Guðjónssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Sýknað af ákæru um brot gegn tollögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Eins og í héraðsdómi greinir, varðar mál þetta innflutning tveggja þvottavéla frá Þýzkalandi með m/s Vatnajökli sumarið 1966. Er fram komið í málinu, að eigandi annarrar vélarinnar var Sigurður Þorvaldsson, Heiðarbraut 5, Akranesi, en eigandi hinnar Skúli Skúlason, Kleppsvegi 58, Reykjavík. Kaup beggja vélanna fóru fram um hendur Bræðranna Ormsson h/f, Reykjavík. Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur 26. september 1969 skýrði nefnt hlutafélag svo

frá, að hinn 26. apríl 1966 hafi Sigurður Þorvaldsson pantað hjá félaginu sjálfvirka þvottavél, sem samkvæmt pöntuninni hafi verið afgreidd um borð í m/s Vatnajökul í þýzkri höfn 3. júní 1966. Í bréfi sama hlutafélags 13. október 1966 er frá því skýrt, að Skúli Skúlason hafi hinn 28. janúar 1966 pantað þvottavél sína, sem einnig hafi verið send til landsins með m/s Vatnajökli. Báðir hafi þeir Sigurður og Skúli kannazt við að eiga sína vélina hvor, eins og í héraðsdómi er nánar rakið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 42. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 68/1956 og 34. gr. til 36. gr., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957.

Þar sem ákærvaldið hefur eigi gert kröfu um upptöku þvottavélanna á hendur eigendum þeirra, verður upptaka þeirra eigi dæmd í máli þessu, enda þótt heimil sé samkvæmt 38. gr. laga nr. 68/1956.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1968.

Ár 1968, föstudaginn 8. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 522/1968: Ákærvaldið gegn Eyjólfu Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 12. júlí 1968, gegn ákærða, Eyjólfu Guðjónssyni skipstjóra, Úthlíð 11, Reykjavík, fæddum 17. júní 1926 í Reykjavík, fyrir brot á lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og reglugerð nr.

41/1957 um sama efni með því, að við leit tollvarða í m/s Vatnajökli við komu skipsins til Reykjavíkur frá Þýzkalandi hinn 9. júní 1966, sem ákærði var þá skipstjóri á, fundust í lest skipsins tvær þvottavélar af AEG LAVAMAT gerð, sem ekki höfðu verið færðar á farmskrá skipsins né áhafnarlista og ekki voru í vörzlum eins af áhöfn skipsins.

Telst þetta varða við 42. gr., sbr. 22. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 34. gr.—36. gr. incl., sbr. 102. gr. reglugerðar um sama efni.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og enn fremur verði greindar þvottavélar gerðar upptækar samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Málsatvik eru þessi:

Við lestareftirlit í m/s Vatnajökli hinn 9. júní 1966 fann tollgæzlan í Reykjavík tvo kassa, sem ekki voru skráðir á farmskrá, áhafnarlista né til þeirra sagt. Annar kassinn var merktur: E. Guðjónsson, m/s Vatnajökull, E 93133, en hinn: S. Skúlason, b/v Geir, E 90959. Hvor kassi hafði að geyma þvottavél, og tók tollgæzlan þær í sínar vörzlur.

Einar Ingi Guðjónsson verkstjóri, Holtsgötu 9 hér í borg, gerði þá grein fyrir þvottavél merktri: E. Guðjónsson m/s Vatnajökull E 93133, að uppeldisfaðir eiginkonu hans, Sigurður Þorvaldsson, Heiðarbraut 5, Akranesi, hefði beðið sig, en hann var þá stýrimaður á m/s Vatnajökli, að flytja vélina til Íslands frá Hamborg og aldrei verið á annað minnst en hún yrði flutt löglega til landsins, og átti umboðsmaður seljanda hér að sjá um, að vélin yrði send um borð á hans nafni. Eftir að Einar Ingi tók að sér erindisrekstur þenna, kvaðst hann hafa hætt til sjós og farið að starfa í landi, en þvottavélin hafði þá enn eigi verið afgreidd. Það hann því Sigurð Óla Valdimarsson, fyrsta vélstjóra á skipinu, að fylgjast með, þegar vélin kæmi um borð, og sjá um, að hún yrði skráð á viðeigandi skipsskjöl og vel færi um hana. Kvaðst Einar Ingi síðan hafa spurzt fyrir um þvottavélina, en hún ekki komið hingað til lands fyrr en í þriðju ferð skipsins, eftir að hann hætti störfum á því.

Sigurður Óli Valdimarsson, fyrsti vélstjóri, Holtagerði 20, Kópavogi, kannaðist við, að Einar Ingi Guðjónsson, fyrrum stýrimaður á m/s Vatnajökli, hefði beðið sig að fylgjast með því, hvort þvottavél, merkt honum, kæmi um borð í skipið í Hamborg, eftir að hann lét af stýrimannsstörfum. Það Einar Ingi hann þá um að

setja vélina á tolllista, og féllst hann á það. Sigurður Óli Valdimarsson kvaðst í næstu ferðum hafa spurzt fyrir um vélina í Hamborg hjá þeim aðiljum, sem sáu um fermingu skipsins þar, og jafnan fengið neikvæð svör, m. a. í ferðinni, sem vélin kom með, enda ekki vitað um hingaðkomu hennar, fyrr en tollgæzlan var komin í málið. Sigurður Óli kvað Einar Inga hafa spurzt fyrir um vélina í hverri ferð og hann þá tjáð honum, að vélin væri ekki með.

Halldór Sigurjón Sveinsson, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, kvaðst hafa verið fyrsti stýrimaður á m/s Vatnajökli í ferð þeirri, er málið fjallar um, séð um lestunina í Hamborg, en aldrei orðið þess var, að nefndar þvottavélar kæmu um borð, enda ekki venja að telja í skipið.

Skúli Skúlason stýrimaður, Kleppsvegi 58, Reykjavík, kvaðst veturinn 1965—1966 hafa pantað AEG þvottavél hjá umboðsmanni vélarinnar hér á landi, fyrirtækinu Bræðrunum Ormsson h/f. Hefði hann þá verið stýrimaður á botnvörpungnum Geir og þá gert ráð fyrir að geta tekið vélina í Bremerhaven, en vélin ekki verið til staðar, er hann kom þangað, og hann ekki farið utan aftur. Skúli Skúlason kvaðst einnig hafa beðið kunningja sinn, skipstjórnann á Hvalfelli, að flytja vélina til Íslands, en hún ekki fundizt. Hefði hann þá snúið sér til umboðsins hér, sem óskaði þess bréflega, að vélin yrði send á heimilisfang kaupanda með næstu skipsferð, og hefur afrit þessa bréfs verið lagt fram í málinu. Skúli Skúlason staðhæfði, að sú hefði aldrei verið ætlun hans að flytja þvottavélina ólöglega hingað til lands.

Ákærði kvaðst ekkert geta borið um, með hvaða hætti nefndar þvottavélar hefðu komið um borð í skipið eða á hvers vegum þær væru. Sagðist hann ekki annað um þær vita en Sigurður Jónsson tollvörður hefði skýrt honum frá, að fundizt hefði í lest skipsins þvottavél, merkt stöfum hans, og jafnframt spurt, hvort verið gæti, að hún væri eign hans, en hann þá skýrt tollverðinum frá því, að svo væri ekki, og tjáði hann ákærða síðar, að eigandinn væri kominn fram.

Ákærði hefur ekki sætt nokkrum þeim refsingum, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Þær tvær þvottavélar, sem nefndar eru í ákæru, voru fluttar um borð í m/s Vatnajökul í Hamborg, en þar sá Halldór Sigurjón Sveinsson, 1. stýrimaður, um fermingu skipsins. Ákærði hefur fullyrt, að hann hafi ekki vitað um veru vélanna í skipinu, sem er stórt vöruflutningaskip, en þeim var komið fyrir í lest þess

innan um annan varning, og er ekkert fram komið í málinu til styrktar því, að ákærði hafi vitað eða haft nokkra aðstöðu til að vita um flutning þeirra hingað til lands. Þvottavélarnar voru merktar, og er kunnugt bæði um eigendur og sendendur þeirra. Með vísan til alls þessa verður ekki talið, að ákærði hafi brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru eru rakin, og ber því að sýkna hann af kröfu ákæruvaldsins um refsingu. Í ákæru er þess einnig krafizt, að greindar þvottavélar verði gerðar upptækar samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolfleirtlit nr. 68/1956. Ákvæðum 4. mgr. 38. gr. um upptöku verður því aðeins beitt, að fyrir hendi sé eitthvert þeirra skilyrða, er þar eru talin upp og nánar greinir í fyrri mgr. 38. gr. laganna. Brestur því heimild til að gera umræddan varning upptækan til ríkissjóðs, og ber samkvæmt því að sýkna ákærða einnig af þessari kröfu ákæruvalds, en raunverulegir eigendur þvottavélanna voru eigi ákærðir til að þola upptöku á þessum eignum sínum.

Loks ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Valgarðs Briems héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eyjólfur Guðjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun Valgarðs Briems héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.
